

**5.2** Takmörkun á frelsi fólks til að tjá sig er óásættanleg, nema til verndar borgara- réttindum einstaklinga.

## **6 BEINT LÝÐRÆÐI OG SJÁLFSÁKVÖRÐUNARRÉTTUR**

**6.1** Píratar telja að allir hafi rétt til að koma að ákvarðanatöku um málefni sem varða þá.

**6.2** Réttur er tryggður með styrkingu beins lýðræðis og eflingu gegnsærrar stjórnslu.

**6.3** Píratar telja að draga þurfi úr miðstýringu valds á öllum sviðum og efla þurfi beint lýðræði í þeim formum sem bjóðast.

# **PÍRATAR**

Tortuga, höfuðstöðvar Pírata  
Síðumúli 23, 108 Reykjavík  
piratar@piratar.is  
facebook.com/piratarXP  
Sími 546-2000  
[www.piratar.is](http://www.piratar.is)



**PÍRATAR**  
GRUNNSTEFNAN

# 1 GAGNRÝNIN HUGSUN OG UPPLÝST STEFNA

1.1 Píratar leggja áherslu á gagnrýna hugsun og vel upplýstar ákvarðanir.

1.2 Í þessu felst að Píratar móti stefnu sína í ljósi gagna og þekkingar sem er aflað óháð því hvort tillaga virðist í fyrstu æskileg eða ekki. Afstaða Pírata til hugmynda er óháð því hverjir talsmenn hennar eru.

1.3 Fyrri ákvarðanir Pírata þurfa alltaf að geta sætt endurskoðun.

1.4 Réttur einstaklinga til að leita þess að verða upplýstir skal aldrei skertur.

# 2 BORGARARÉTTINDI

2.1 Píratar beita sér fyrir eflingu og verndun borgararéttinda.

2.2 Útvíkkun borgararéttinda skal miða að styrkingu annarra réttinda.

2.3 Standa þarf vörð um núverandi réttindi og gæta þess að þau séu ekki skert.

2.4 Píratar telja að borgararéttindi tilheyri einstaklingum, og að réttur hvers og eins sé jafn sterkur.

# 3 FRIÐHELGI EINKALÍFSINS

3.1 Friðhelgi einkalífsins snýst um vernd hinna valdaminni frá misbeitingu hinna valdameiri.

3.2 Píratar telja að allir einstaklingar eigi rétt á friðhelgi í sínu einkalífi.

3.3 Til friðhelgi telst réttur til leyndar og nafnleysis, og sjálfsákvörðunarréttur.

3.4 Leynd á aldrei að ná lengra en þörf er til að vernda einstaklinginn, og aldrei svo langt að það hafi áhrif á aðra einstaklinga.

3.5 Nafnleysi hefur ekki þann tilgang að skjóta einstaklingi undan ábyrgð.

# 4 GAGNSÆI OG ÁBYRGÐ

4.1 Gagnsæi snýst um að opna hina valdameiri gagnvart eftirliti hinna valdaminni.

4.2 Píratar telja gagnsæi eiga mikilvægan þátt í að almenningur sé upplýstur og þar af leiðandi hæfur til lýðræðislegrar ákvörðunartöku.

4.3 Upplýsingar eiga að vera aðgengilegar almenningi.

4.4 Upplýsingar skulu vera aðgengilegará opnum gagnasniðum, á því formi sem er hentugast upp á notagildi upplýsinganna.

# 5 UPPLÝSINGA- OG TJÁNINGARFRELSI

5.1 Takmörkun á frelsi fólks til að safna og miðla upplýsingum er óásættanleg, nema til verndar borgararéttindum einstaklinga.